

**S a m þ y k k t i r**  
**fyrir hlutafélagið**  
**Betri samgöngur ohf.**

---

**Nafn félagsins, heimili og tilgangur**

**1. gr.**

Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess „Betri samgöngur“ ohf.

Heimilisfang félagsins er Grandagarður 16, 101 Reykjavík.

Félagið er stofnað með heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

**Meginmarkmið og verkefni félagsins**

**2. gr.**

Meginmarkmið félagsins skulu vera eftirfarandi:

- a) Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta.
- b) Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð.
- c) Að stuðla að auknu umferðaröryggi.

- d) Að tryggja samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skilvirka framkvæmd og trausta umgjörð samgangna.

Meginverkefni félagsins skulu vera:

- a) Að halda utan um fjármögnun á uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu og hrinda þeirri uppbyggingu í framkvæmd.
- b) Að fara með heildstæða áætlanagerð og áhættustýringu.
- c) Að hafa yfirumsjón með samræmingu verkefna og meta forgangsörðun.
- d) Að fylgja því eftir að sveitarfélögin vinni að nauðsynlegum breytingum á skipulagsáætlunum.
- e) Að innheimta flýti- og umferðargjöld á höfuðborgarsvæðinu, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á, og byggja upp innviði slíkrar innheimtu.
- f) Að annast þróun á landi sem lagt verður til félagsins með það að markmiði að ná fram hámarksáætlun á virði þess.

Félagið gerir samning við Vegagerðina, eða eftir atvikum einstök sveitarfélög fari þau með tiltekna framkvæmdir, um framkvæmd einstakra verkefna sem falla innan hlutverks félagsins. Félaginu er einnig heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmasta hátt. Félagið annast yfirumsjón og eigendaeftirlit með uppbyggingu samgöngumannvirkja gagnvart Vegagerðinni, eða eftir atvikum öðrum aðilum, þ.m.t. vegna áætlanagerðar og áhættustýringar í samræmi við hlutverk þess. Í slíkum samningi skal eftir atvikum skilgreina þátt tiltekinna sveitarfélaga í einstökum verkefnum.

### Yfirtaka og þróun lands í eigu ríkisins

#### 3. gr.

Félagið skal með sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið taka við landi í eigu ríkisins við Keldur í Reykjavík ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast og telst það hluti af hlutafjárframlagi ríkisins. Í samningnum skal m.a. ákvarða afmörkun lands og skilyrði afhendingar þess til félagsins.

Allur ábati af þróun og sölu landsins skal renna óskertur til verkefnisins um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Félagið skal annast þróun landsins í samvinnu við skipulagsyfirvöld með það að markmiði að hámarka virði landsins og uppbyggingarmöguleika þess eins og kostur er. Við þróun landsins skal félagið hafa náið samráð við skipulagsyfirvöld er lýtur að skipulagsmálum, lóðarmálum og hönnun samgönguframkvæmda.

## Hlutfé félagsins

### 4. gr.

Hlutfé félagsins greiðist í samræmi við hlutafasamkomulag milli stofnaðila og er á stofnfundi kr. 4.000.000 – fjórar milljónir króna- og skiptist í jafn marga hluti. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnvirði. Hlutir skulu hljóða á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

### 5. gr.

Ríkissjóður fer við stofnun félagsins með 75% eignarhluta og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnafjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær, samtals 25%. Eigendum er þó heimilt að koma sér saman um aðra skiptingu á eignarhlutum í félaginu.

Fjármála- og efnahagsráðherra skal fara með hlut ríkisins. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skal fara með hluti sveitarfélaganna í félaginu í þeirra umboði.

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt að koma sér saman um innbyrðis breytingu á eignarhlutum félagsins.

Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en stofnenda félagsins. Félagið hefur forkaupsrétt að fölum hlutum og hluthafar að því frágengnu.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar að fenginni heimild í fjárlögum að hálfu ríkisins og samþykktum fjárhagsáætlunum að hálfu sveitarfélaga. Öðrum en hluthöfum félagsins er óheimilt að skrá sig fyrir nýju hlutfé.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.

### 6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða tölvuskra hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a) Hluti í númeraröð.
- a) Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölu.

b) Skráningardag eigendaskipta.

Stjórn félagsins skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.

#### 7. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, önnur en þau sem greind eru í samþykktum þessum.

### Hlutahafafundir

#### 8. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmæts hluthafafundar.

Á hluthafafundi félagsins fer fjármála- og efnahagsráðherra með atkvæðisrétt ríkisins og formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með atkvæðisrétt fyrir hönd og í umboði sveitarfélaganna. Geta þeir veitt öðrum umboð til að fara með atkvæðarétt á fundinum fyrir þeirra hönd en óheimilt er að skipta atkvæðarétti upp eða fela fleiri en einum umboð til að fara með atkvæði fyrir þeirra hönd.

Aðalfundur skal haldinn á heimili félags eða þar sem stjórn ákveður að hann skuli haldinn hverju sinni, að jafnaði fyrir lok júní ár hvert.

#### 9. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafa, með rafrænum hætti eða á annan jafn sannanlegan hátt, með að lágmarki 14 daga fyrirvara. Skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls og bera upp fyrirspurnir.

Aðalfundur félagsins skal að auki vera opinn öllum kjörnum fulltrúum eigenda félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum viðkomandi sveitarfélaga, og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins.

## 10. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundi. Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi nema þess hafi verið getið í fundarboði, eða með sérstöku samþykki hluthafa.

Hluthafafundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður.

## 11. gr.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess;

- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
- b) að takmarka heimild aðila til meðferðar á hlutum sínum, umfram það sem áður er getið;
- c) að breyta ákvæðum samþykktu um hlutdeild aðila í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli, hvort sem er innan hlutaflokka eða milli hlutaflokka félagsins.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

## 12. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
- c) Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
- d) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.
- e) Starfskjarastefna stjórnar skal tekin fyrir til staðfestingar.
- f) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
- g) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

Stjórn félagsins skal boða til aukafundar eftir ákvörðun hennar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða yfir a.m.k. einum tuttugasta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan 14 daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

## Stjórn félags og framkvæmdastjórn

### 13. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara og skal val þeirra staðfest á aðalfundi ár hvert. Ráðherra tilnefnir þrjá aðalmenn og einn varamann og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tilnefna þrjá aðalmenn og einn varamann. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna. Tilkynna skal Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um fyrirhugað val á nýjum formanni félagsins með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund, áður en val formanns er staðfest.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er leggja áherslu á gott samráð og samvinnu við helstu hagsmunaaðila þeirra verkefna félaginu er ætlað að sinna.

Stjórn skal horfa til almennrar eigandastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög varðandi rekstur og stjórnarhætti félagsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu 5 árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

#### 14. gr.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skal afrit af undirrituðu eintaki gert aðgengilegt öllum stjórnarmönnum.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna eða, eftir atvikum, varamenn þeirra sækja fund. Komi til atkvæðagreiðslu um afgreiðslu mála í stjórn skal einfaldur meiri hluti ráða niðurstöðu. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn innan stjórnar.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Þeir skulu jafnframt upplýsa stjórn um hagsmunatengsl eða önnur atriði sem eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa.

#### 15. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem skal hafa haldgóða menntun og reynslu af stjórnun sambærilegra verkefna eða félaga. Stjórn ákveður laun framkvæmdastjóra og starfskjör. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmann sem framkvæmdastjóra.

Stjórnin veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu annarra starfsmanna félagsins.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### Reikningar félagsins og endurskoðun

#### 16. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal á hverju ári semja ársreikning fyrir félagið og skal stjórnin hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda. Skal gera tillögu um að ríkisendurskoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum. Endurskoðaðan ársreikning skal leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Birta skal ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikning félagsins á vef félagsins.

### **Breytingar á samþykktum félagsins.**

#### **17. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi í samræmi við samþykktir þessar eða lög um hlutafélög.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda, þó í samræmi við samkomulag aðila frá 26. september 2019 eftir því sem við á.

### **Önnur ákvæði**

#### **18. gr.**

Félagið skal birta samþykktir þessar á vef félagsins.



Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann 2. október 2020. Breytingar á 2. mgr. 1. gr. á hluthafafundi 26. janúar 2021.

Stjórn félagsins.

Ím. H. Þóris  
Aldrey Reforeinsel.  
Pjetr Þrændóttir  
Guðni Ógundur-Þóris  
~~Guðni Ógundur-Þóris~~  
Guðni Ógundur-Þóris

